„Fiskveiðiárið 2011 - 2012 voru strandveiðar komnar í öruggan farveg. Byrjunar-örðugleikar að baki. Það ár var leyfilegur heildarafli í þorski 177.000 tonn og í ufsa 52.000 tonn. Til strandveiða voru þá ætluð 6.800 tonn af þorski og 1.800 tonn af ufsa og hefur svo verið óbreytt síðan.

Á yfirstandandi fiskveiðiári eru útgefnar veiðiheimildir í þorski 214.400 tonn og leyfilegt er að veiða 57.000 tonn af ufsa. Aukning í þorski 20,91% og ufsa 9,62%.

Það er krafa LS að nú þegar verði viðmiðun til strandveiða aukin sem þessu nemur – þoskur fari í 8.222 tonn og ufsi 1.973 tonn eða alls 10.194 tonn.

Aflatölur verði færðar í 6. gr. a og bráðabirgðaákvæði fellt úr gildi.

Það er mat LS að breytingin verði til að auka enn gæði afla, draga úr aðgæslusjósókn og að ekki þurfi að grípa til stöðvunar veiða á einstökum svæðum í miðjum mánuði.“

úr brefi LS til sjávarútvegsráðherra

7. maí 2014